

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *77. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 1. júní 2006, kl. 13:30.

**DAGSKRÁ:**

1. Fundarsetning.
2. Ársreikningur síðari umræða.
3. Stofnskjal v/lóð Víðihlíð.
4. Trúnaðarmál.
5. Ráðning í starf skólaliða.
6. Fulltrúi á aðalfund Sauðahellis.
7. Ósk um auglýsingu á deiliskipulagi í landi jarðarinnar Voga 3 og tengingu við vatns- og hitaveitu.
8. Athugasemdir v/breytinga að aðalskipulagi.
9. Fulltrúi á aðalfund Mýflugs.
10. Hækkun á gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar.

Til kynningar:

Samráð í brunavörnum.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Jóhanna Njálisdóttir, Böðvar Pétusson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 9 og 10 yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

## 2. Ársreikningur síðari umræða.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 202,8 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 195,1 millj. kr. Rekstrartekjur A hluta námu 191,3 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 177,6 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,03% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts nam 0,50% vegna íbúðarhúsnæðis og 1,50% vegna atvinnuhúsnæðis en lögbundið hámark þess er 0,625% og 1,65%. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 3,0 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 1,9 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstarniðurstaða A hluta var neikvæð um 6,1 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 1,6 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 291,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 214,9 millj. kr.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 114,7 millj. kr. en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 32 stöðugildum.

Íbúafjöldi Skútustaðahrepps 1. desember 2004 var 428 og fækkað um 9 frá fyrra ári.

Kjörnir skoðunarmenn hafa haft samband við sveitarstjóra og tjáð honum að þeir geri ekki athugasemdir við reikninginn að öðru leit en verið hefur þ.e. að óásættanlegt sé að stórar upphæðir standi enn út af vegna óinnheimtra tekna af sölu heits vatns.

## 3. Stofnskjal v/lóð Víðihlíð.

Þessu erindi var frestað á fundi sveitarstjórnar 30. mars. s.l. sem sem vantaði undirskriftir þinglýstra eigenda að Víðihlíð. Nú hefur þeim skilyrðum verið fullnægt.

Sveitarstjórn samþykkir erindið.

## 4. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

## 5. Ráðning í starf skólaliða.

Í apríl voru auglýst tvö störf skólaliða við Grunnskóla Skútustaðahrepps, einungis ein umsókn bars. Því var auglýst að nýju og bárust þá tvær umsóknir frá Sverri Karlssyni og Dúu Stefánsdóttur.

Sveitarstjórn samþykkir að ráða Dúu til starfans.

Jón Óskar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

## 6. Fulltrúi á aðalfund Sauðahellis.

Aðalfundur Sauðahellis er boðaður 13. júní n.k.

Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Guðrún María.

## 7. Ósk um auglýsingu á deiliskipulagi í landi jarðarinnar Voga 3 og tengingu við vatns- og hitaveitu.

Borist hefur erindi frá eigendum Voga 3, þar sem óskað er eftir að auglýst verði deiliskipulagstillaga að fyrirhugaðri frístundabyggð í Stórarjódri. Mf. erindinu er deiliskipulagsuppdráttur unnin af Búnaðarsambandi Eyjafjarðar og arkitektastofunni Form, ásamt greinargerð.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna með þeim athugasemdum að hún byggist á tillögu að breyttu aðalskipulagi sem samþykkt er í sveitarstjórn 1. júní og fer í staðfestingarferli hjá Skipulagsstofnun. Kristján vék af fundi við afgreiðslu málsins og tók Þuríður Snæbjörnsdóttir sæti hans.

#### 8. Athugasemdir v/breytinga að aðalskipulagi.

Borist hafa tvær athugasemdir við auglýstar breytingarnar á skipulaginu annars vegar frá Umhverfisstofnun sem gerir athugasemdir við fyrirhugaðar frístundahúsabyggingar í Vogum 3 og Björk og breytingu á iðnaðarsvæði á Hrutavogstanga, og hins vegar frá Ólöfu Hallgrímsdóttir þar sem gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaða frístundahúsabyggð í Vogum 3.

Sveitarstjórn getur vissulega tekið undir með þeim sem athugasemdirnar gera að í gildandi aðalskipulagi fyrir Skútustaðahrepp er ekki gert ráð fyrir frístundahúsabyggð. Sveitarstjórn telur að fyrir því séu vissar ástæður m.a. framkvæmd laga um verndum Mývatns og Laxá sem breyttust með tilkomu nýrra laga nr. 97/2004. Sveitarstjórn er einnig meðvituð um að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Skútustaðahrepps þarf að fara fram. Það hins vegar er ekki gert í einni svipan. Almennt séð hefur það verið stefna sveitarstjórnar að reyna að liðka fyrir því að landeigendur gætu notið arðs af landi sínu. Að öðru leyti getur sveitarstjórn ekki fallist á athugasemdirnar sem gerðar voru og samþykkir því aðalskipulagstillöguna óbreytta. Kristján vék af fundi við afgreiðslu málsins og tók Þuríður Snæbjörnsdóttir sæti hans.

#### 9. Fulltrúi á aðalfund Mýflugs.

Aðalfundur Mýflugs er boðaður 11. júní n.k.

Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Guðrún María.

#### 10. Hækkun á gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar.

Samþykkt að eftirfarandi gjaldskrá taki gildi frá og með 1. júní.

##### Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar, gildir frá 1. júní 2006.

	stök skipti	10 miðar	30 miðar	5 vikna kort	3 ja mán kort	árskort einstakl.	árskort hjón
Fullorðnir, sund	280	2.000	4.200			16.500**	22.000**
Börn, sund	150	1.050	2.250			8.250**	
Þreksalur/sund	500	3.500		3500*	7500*	22.000**	33.000**
Ljós/sund	500	4.000					
Íþróttasalur 60 mín.	2.200						
Badmintonvöllur 60 mín.	770						
Leiga á sundfatn.	200						

\* Kortin gilda í 5 vikur. Ekki er hægt að leggja kortin inn til geymslu.

\*\*Sveitarfélagið áskilur sér rétt til að loka Ípróttamiðstöð í allt að ½ mánuð.

árlega til viðgerða, án þess að til endurgreiðslu eða afsláttar á árskortum komi .

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Jóhanna Njálisdóttir,

Böðvar Pétusson.